

USK Skipulag

Frá: Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - UUA <uua@uua.is>
Sent: miðvikudagur, 24. mars 2021 16:16
Til: USK Skipulag
Afrit: Glóey Helgudóttir Finnsdóttir; Harri Ormarsson; Erna Hrönn Geirsdóttir; Björgvin Rafn Sigurðarson
Efni: Leiðrétt!! Tilkynning um kæru 38/2021. Upplýsingar um leyfishafa!
Viðhengi: 24.3.2021 - - Kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála - Salka Hauksdóttir - In (GoPro Self Service).pdf; 24.3.2021 - - álagrandi-2-byggingarleyfi - Salka Hauksdóttir - In (GoPro Self Service).pdf; 24.3.2021 - - alagrandi2-bilskur - Salka Hauksdóttir - In (GoPro Self Service).jpeg
Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Flaggað

Góðan dag.

Efni. Tilkynning um kæru.

Meðfylgjandi er afrit stjórnslukæru, móttækin 24. mars 2021 ásamt fylgigögnum, þar sem kærð er „ákvörðun um endurútgefið byggingarleyfi vegna byggingarstjórnaskipta við Álagranda 2A.“

Vegna framkominnar stöðvunarkröfu er farið fram á að úrskurðarnefndin fái í hendur gögn er málið varða fyrir 1. apríl nk. og er stjórnvaldi gefinn kostur á að tjá sig um kröfuna til sama tíma. Frestur til að gera athugasemdir vegna kærunnar að öðru leyti er 30 dagar frá dagsetningu þessarar tilkynningar, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Upplýsingar óskast um leyfishafa og netfang ef það liggur fyrir.

Óskast staðfest um móttöku.

Með kveðju,
f.h. nefndarinnar

Ólöf Harðardóttir, skrifstofumaður

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21, 105 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 5758710
www.uua.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður
Please consider the environment before printing

KÆRA TIL ÚRSKURÐARNEFNDAR UMHVERFIS- OG AUÐLINDAMÁLA

24.3.2021 14:05

1. Kærandi/kærendur

Ef kærendur eru fleiri en einn skal skrá þá aðila hér með happnum Bæta við kæranda

Fullt nafn	Salka Hauksdóttir
Kennitala	
Heimilisfang	Aflagrandi 14
Póstnúmer	107
Staður	Reykjavík
Sími	
Netfang	

Ef um umhverfisverndarsamtök, útivistarsamtök eða hagsmunasamtök er að ræða þarf einnig að skila inn eftirtöldu, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Upplýsingum um félagafjölda. Samþykktum félagsins. Nýjustu ársskýrslu. Staðfestingu á því að um endurskoðað bókhald sé að ræða, t.d. með árituðum ársreikningi.

2. Umboðsmaður kæranda/kæranda ef við á

Fullt nafn	
Kennitala	
Heimilisfang	
Póstnúmer	
Sími	
Netfang	
Umboð	

3. Kæruefni

Hér skal tilgreina hvaða ákvörðun, athafnaleysi, brot á þátttökurétti almennings eða önnur afgreiðsla stjórnvalds er kærð. Upplýsa skal hvaða stjórnvald tók hina kærðu ákvörðun og hvenær ákvörðunin var tekin.

Efni kærunnar

Kærð er endurútgafið byggingarleyfi v/byggingarstjórnarskipta við Álagranda 2A.

Um er að ræða endurnýjað byggingarleyfi til byggingar 5 bílskúra lengju. Þegar eru 3 bílskúrar á lóðinni. Bílskúrin sem er verið að byggja stendur einn og sér, en er ekki tengdur hinum þremur bílskúrunum. Þetta kemur illa út, er mikil útlitsbreyting fyrir hverfið og byrgir útsýni úr fasteign okkar að Aflagrandi 14, sem missa þar með sjávarsýn. Með því að byggja bílskúrinn við hlið hinna þriggja skyggir hann á talsvert minna útsýni en hann gerir í dag og kæmi betur út útlitslega.

Miðað við þá hagsmuni sem íbúðar að Aflagrandi 14 hafa þá hefði átt að fara fram grenndarkynning fyrir endurútgáfu byggingarleyfisins.

Samkvæmt nágrönnum byggingarleyfishafa stendur til að leigja út bílskúrinn sem íbúð, sem er ekki í samræmi við heimild í byggingarleyfi. Það hefði í för með sér mikið ónæði fyrir nágranna í kring.

Kæra þessi berst innan kærufrests. Kærendur urðu fyrst var við að til stóð að byggja bílskúr við Álagranda 2 í mars. Póstur þess efnis var sendur til byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar þann 2. mars sl.

Stjórnvald sem tók hina kærðu ákvörðun	Byggingarfulltrúi Reykjavíkurborgar
Dagsetning ákvörðunar	08.01.2021
Kæruheimild (ef þær upplýsingar eru til staðar)	

4. Kröfugerð (hvers krefst kærandi?)

Sem dæmi má nefna krafa um að ákvörðun verði felld úr gildi eða hluta, að viðkomandi stjórnvald aðhafist, að tiltekna framkvæmdir verði stöðvaðar eða að réttaráhrifum ákvörðunar verði frestað. Tekið skal fram að úrskurðarnefndin úrskurðar um lögmæti kærðrar ákvörðunar en tekur ekki nýja ákvörðun í málinu eða breytir ákvörðunum.

Kærendur krefjast þess að framkvæmdir verði stöðvaðar þegar í stað og að byggingarleyfið frá 8. janúar 2021 verði fellt úr gildi.

5. Hagsmunir kæranda/kærenda

Hvaða áhrif hefur hin kærða ákvörðun á hagsmuni kæranda/kærenda?

Bílskúrin byrgir sýn úr Aflagranda 14, sem við það missir sjávarsýn.

Þá stendur til að leigja út bílskúrin sem íbúð sem hefur ónæði í för með sér fyrir nágranna.

6. Kærufrestur

Hvenær (og hvernig) vissi kærandi/kærendur af hinni kærðu ákvörðun

Í mars 2021 og sendi strax bréf til byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar og á skipulagssvið borgarinnar.

7. Rökstuðningur fyrir kæru

Um er að ræða endurnýjað byggingarleyfi til byggingar 5 bílskúra lengju. Þegar eru 3 bílskúrar á lóðinni. Bílskúrin sem er verið að byggja stendur einn og sér, en er ekki tengdur hinum þremur bílskúrunum. Þetta kemur illa út, er mikil útlitsbreyting fyrir hverfið og byrgir útsýni úr fasteign okkar að Aflagranda 14, sem missir þar með sjávarsýn. Með því að byggja bílskúrin við hlið hinna þriggja skyggir hann á talsvert minna útsýni en hann gerir í dag og kæmi betur út útlitslega.

Miðað við þá hagsmuni sem íbúðar að Aflagranda 14 hafa þá hefði átt að fara fram grenndarkynning fyrir endurútgáfu byggingarleyfisins.

Samkvæmt nágrönnum byggingarleyfishafa stendur til að leigja út bílskúrin sem íbúð, sem er ekki í samræmi við heimild í byggingarleyfi. Það hefði í för með sér mikið ónæði fyrir nágranna í kring.

Kæra þessi berst innan kærufrests. Kærendur urðu fyrst var við að til stóð að byggja bílskúr við Álagranda 2 í mars. Póstur þess efnis var sendur til byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar þann 2. mars sl.

8. Forsaga

Hefur málið áður verið kært til úrskurðarnefndarinnar eða annars stjórnvalds eða verið til meðferðar fyrir dómstólum eða hjá umboðsmanni Alþingis?

Nei

9. Fylgiskjalalisti

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við fylgiskjalalistann.

Lýsing skjals	Byggingarleyfi
Númer skjals:	1
Fylgiskjal	álagrandi-2-byggingarleyfi.pdf

9. Fylgiskjalalisti²

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við fylgiskjalalistann.

Lýsing skjals	Mynd af skertu sjávarútsýni
Númer skjals:	2
Fylgiskjal	alagrandi2-bilskur.jpeg

Úrskurðarnefnd Umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21, Höfðaborg
105 Reykjavík

Reykjavík, 31. mars 2021

Efni: Greinargerð Reykjavíkurborgar við kæru nr. 38/2021.

Vísað er til tilkynningar Úrskurðarnefndar Umhverfis- og auðlindamála dags. 24. mars 2021, þar sem Reykjavíkurborg var tilkynnt um framkomna kæru Sölku Hauksdóttur á endurútgefnu byggingarleyfi v/byggingarstjóraskipta við Álagranda 2a.

Kröfugerð:

Reykjavíkurborg gerir kröfu til þess að kröfum kæranda verði vísað frá úrskurðarnefndinni.

Málsatvik:

Á embættisafgreiðslufundi byggingarfulltrúans í Reykjavík hinn 15. júní 2010 var samþykkt umsókn um byggingarleyfi BN041665 þar sem sótt var um endurnýjun á byggingarleyfi BN038470, upprunalega samþykkt hinn 18. júní 2008, til byggingar á 5 steyptum bílskúrum með timburþaki á lóðinni nr. 2-4 við Álagranda og 37B við Grandaveg. Ástæða endurnýjunar á byggingaráformum var sú að byggingarleyfi var ekki gefið út innan tímafrests og féll því samþykkt áforma úr gildi. Byggingarleyfi vegna umsóknar BN41665 var gefið út í framhaldi og voru framkvæmdir hafnar í framhaldinu. Framkvæmdir stöðvuðust þegar byggingarstjóri sagði sig af verkinu hinn 29. nóvember 2011. Var þá lokið við að byggja þrjá af fimm bílskúrum sem leyfið tiltók.

Hinn 13. nóvember 2020 barst byggingarfulltrúa tilkynning um nýjan byggingarstjóra á byggingarleyfi BN41665. Í kjölfarið var byggingarfulltrúa send staðfesting á starfsábyrgðartryggingu og upplýsingar um meistara á verkið. Var uppfært byggingarleyfi snett leyfishafa sem tilgreinir nýjan byggingarstjóra.

Málsástæður:

Í 14. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998, sem núgildandi byggingarreglugerð nr. 112/2012 leysti af hólmi, en var í gildi þegar byggingarleyfi BN38470 og BN41665 voru samþykkt segir að hafi hafi byggingarframkvæmdir stöðvast í eitt ár eða lengur getur byggingarnefnd fellt byggingarleyfi úr gildi. Sambærileg ákvæði eru í núgildandi byggingarreglugerð nr. 112/2012.



Byggingarframkvæmdir hófust eftir endurýjun á byggingarleyfi BN41665 og stóðu yfir þangað til byggingarstjóri sagði sig af verkinu. Byggingarleyfið er því í fullu gildi, enda gera ákvæðin ráð fyrir að byggingarfulltrúi þurfi að taka afstöðu til þess hvort fella eigi byggingarleyfi úr gildi þegar framkvæmdir stöðvast. Engin slík ákvörðun hefur verið tekin og er leyfið í fullu gildi. Leiðir það ekki til niðurfellingar byggingarleyfis að framkvæmdir stöðvist, heldur þarf að koma til ákvörðunar leyfisveitanda þar um.


Byggingarleyfi BN41665 er því í fullu gildi og hefur aldrei verið felld úr gildi.

Í 4.7.8. gr. byggingarreglugerðar er fjallað um byggingarstjóraskipti. Fram kemur í 2. mgr. ákvæðisins að verði skipti á byggingarstjóra, þá skuli verk stöðvað tafarlaust. Er byggingarleyfishafa því óheimilt að halda áfram verki fyrr en nýr byggingarstjóri hefur verið settur á verkið. Engin tímamörk eru á því hvenær nýr byggingarstjóri er settur á verk, en byggingarfulltrúi skal án ástæðulauss dráttar láta fara fram úttekt á stöðu verksins, áður en nýr byggingarstjóri tekur við verkinu.

Af framangreindu má vera ljóst að byggingarreglugerð gerir ráð fyrir að byggingarstjóraskipti verði á verki. Skipti á byggingarstjóra er ekki stjórnvaldsákvörðun í skilningi stjórnsýslulaga, heldur tilkynning til stjórnvalds um atriði sem varða kröfur sem gerðar eru til leyfisveitingarinnar, enda skal byggingarstjóri vera á verki með tilheyrandi starfsábyrgðartryggingu. Hin eiginlega stjórnvaldsákvörðun var við samþykkt byggingaráforma og útgáfu byggingarleyfis. Er kærufrestur vegna þeirrar ávörðunar löngu liðinn.

Í 2. mgr. 4. gr. sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr 130/2011 segir að kærufrestur til nefndarinnar sé einn mánuður frá því að kæranda var kunnugt um kærða ákvörðun. Leiðir það til þess að einungis stjórnvaldsákvæðanir verða kærðar til úrskurðarnefndainnar. Í því samhengi vísast til almennra skilgreiningar stjórnsýsluréttar á stjórnvaldsákvörðunum, ein eitt skilyrði þess er að ákvörðun bindi enda á meðferð stjórnsýslumáls. Endir var bundinn á málið með útgáfu byggingarleyfis B41665 árið 2011.

Með vísan til þess sem fram kemur hér á undan er ítrekuð krafa um að kæru veðri vísað frá úrskurðarnefndinni.

f.h. byggingarfulltrúans í Reykjavík

Björgvin Rafn Sigurðarson